

Valgreinar

Vorönn 2020-2021



Tálknafjarðarskóli

Valgreinar

Valgreinar eru hluti af skyldunámi skólastefnu ásamt hvers sveitarfélags og skóla. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar allt að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglíngastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Heimilt er að meta að ósk foreldra um tímabundna þátttöku nemenda í atvinnulífi og reglubundna þátttöku í félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðaliðastarfi sem nám enda falli það að markmiðum skólastarfs. Einnig er heimilt að meta skipulagt nám, sem stundað er utan grunnskóla, til valgreina, t.d. nám við framhaldsskóla, listaskóla og málaskóla. Í hverju tilviki metur viðkomandi skóli umfang slíks náms og gæta þarf jafnræðis í afgreiðslu mála. Við það skal miðað að það nemi ekki meira en sem svarar 160 mín. vikulega á hverju skólaári á unglíngastigi og er þá heimilt að meta slíkt til valgreina hjá viðkomandi nemendum.

Til þess að hægt sé að halda uppi kenngslu í valgrein þarf tiltekinn lágmarksfjöldi að velja hana. Þess vegna verða nemendur að velja valgreinar til vara á valblöðum sínum. Þær koma þá til álita ef aðrar valgreinar sem nemandinn hefur valið falla niður sökum fámennis. Því er mjög áriðandi að:

1. Nemendur íhugi mjög vandlega hvaða valgreinar þeir álíta að henti þeim best.
2. Nemendur ráðfæri sig við foreldra sína og kennara áður en þeir ganga endanlega frá valinu.
3. Nemendur og foreldrar geri sér grein fyrir því að valgrein getur fallið niður vegna þátttökuleysis eða kennaraskorts. Því er mikilvægt að vanda val þeirra greina sem valdar eru til vara.

Valgreinar Vorönn 2020-2021

40 mínútna áfangar

1. Dans (40 mín) - Maya

1. - 3.

4. - 7.

9. - 10.

Í dansi verður lögð áhersla á sköpun í dansi. Tekið verður fyrir allskonar dans; zumba, tiktok dansar o.fl. Nemendur geta einnig fengið tækifæri til þess að semja dansa saman.

Hæfniviðmið

- tekið þátt í skapandi vinnuferli í dansi, sett saman einfalt dansverk og valið umgerð við hæfi
- tjáð sig í dansi, tengt saman hreyfingu, túlkun og tónlist og beitt kurteisvenjum í dansi
- hreyft sig frjálst og í takt við tónlist í samræmi við hreyfigetu eigin líkama

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

2. Tónlist/Leiklist (40 mín) - Birna

4. - 7.

9. - 10.

Í þessu námskeiði ætlum við að skoða mismunandi tegundir tónlistar og hvernig hún hefur áhrif á okkur. Við kynnumst ýmsum lögum og hljómsveitum. Við prófum okkur áfram á ýmis hljóðfæri og æfum okkur í að koma fram í gegnum leiklistina með dansi, söng, hreyfingum eða hverju formi sem nemendur vilja nýta sér.

Hæfniviðmið

- tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi
- greint einföld stílbrigði í tónlist
- rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

3. Förðun/Snyrting (40 mín) - Solveig

4. - 7.

9. - 10.

Nemendur fá fræðslu um umhirðu líkama og húðar. Farið verður í hreinsun húðarinnar og förðun skref fyrir skref. Nemendur fá sýnikennslu, æfa sig í paravinnu og kynnast fjölbreyttum förðunum.

Hæfniviðmið

- unnið eftir fyrirætlunum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á
- tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

4. Jóga (40 mín) - Lára

1. - 3.

4. - 7.

Á námskeiðinu verður unnið með slökun, hugleiðslu, sjálfsstyrkingu, öndun og jóga. Ýmist verður einn eða fleiri þættir teknir fyrir í hverri kennslustund. Allir þessir þættir vinna saman að vellíðan okkar. Góð slökun er góð hvíld fyrir líkamann og hugann og það getur aukið andlega og líkamlega vellíðan. Með hjálp hugleiðslunnar er hægt að efla einbeitingu, jákvæðni og gleði en að auki er hægt að nýta hana t.d. til að vinna með ótta, kvíða, neikvæðni og reiði. Hugsanir okkar hafa áhrif á líðan okkar hvort sem þær eru jákvæðar eða neikvæðar. Mikilvægt er að vera meðvitaður um styrkleika sína og nýta sér þá þegar hægt er, í stað þess að brjóta sig niður vegna veikleika. Góð djúp öndun getur verið grunnur að vellíðan því er mikilvægt að æfa hana. Jóga getur gefið okkur orku, gleði og kyrrð. Regluleg jógaíðkun getur eftt núvitund og aukið einbeitingu.

Hæfniviðmið

Markmið:

- Stuðla að heilbrigði nemanda.
- Að gera nemanda leiknari í því að finna sitt jafnvægi gegnum jóga, snertingu og slökun og efla þannig lífsleikni þeirra.
- Að nemendur finni hve gott er að skapa rólegt umhverfi án alls áreitiss

Námsmat:

- Virkni og þátttaka í tímum

5. Föndur (40 mín) - Gulla

1. - 3.

4. - 7.

Nemendur skapa með teikningu, málun og föndri meðal annars. Markmiðið er að nemendur láti ljós sitt skína með skapandi vinnu og öðlist sjálfstæði í sköpun.

Hæfniviðmið

- notað mismunandi efni, verkfæri og miðla á skipulagðan hátt í eigin sköpun
- unnið út frá kveikju við eigin listsköpun
- fjallað um eigin verk og annarra

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

6. Yndislestur (40 mín) – Birgitta

1. - 3.

4. - 7.

Yndislestur er valáfangi þar sem nemendur velja bækur í samráði við kennara og vinna verkefni út frá efni bókarinnar.

Hæfniviðmið

- tjáð hugmyndir sínir og skoðanir og fært rök fyrir þeim í rituðu og töluðu máli
- skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi
- farið eftir fyrirmælum við úrlausn verkefna

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

7. Skólavinur (40 mín)

9. - 10.

Skólavinaverkefnið gengur út á að hvetja nemendur til meiri þátttöku í leikjum og afþreyingu í frímínútum. Nemendur velja tvo daga í viku þar sem þeir sjá um leiki í frímínútum sem eiga að höfða til allra nemenda á fyrstu skólastigum. Skólavinur gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólaanda.

Hæfniviðmið

- unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla
- gert sér grein fyrir eigin hlutverki í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum
- haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi,

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

8. Námsaðstoð á yngsta stigi (40 mín)

9. - 10.

Í þessari valgrein fara nemendur inní tíma og aðstoða nemendur á yngsta stigi við að vinna þau verkefni sem þau eru að vinna að í skólanum.

Hæfniviðmið

- gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og nýtt þá til þess að hjálpa öðrum
- tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

60 mínútna áfangar

1. - 3.

4. - 7.

9. - 10.

9. Pinterest föndur (60 mín) – Helga Birna/Gulla

Nemendur fá að velja sér hugmyndir af föndri til þess að prófa inn á Pinterest í samvinnu við kennara.

Hæfniviðmið

Markmið:

- Nemendur þjálfar skapandi og tæknilega færni
- Nemendur átti sig á mikilvægi skapandi hugsunar, framsetningu og möguleikum listaverka
- Auki þekkingu sína, leikni, færni og sjálfstæði

Námsmat:

- Skil á vinnumöppu í lok annar
- Mæting og þátttaka í tímum

4. - 7.

9. - 10.

9. Danska (60 mín) – Birgitta

Áhersla er lögð á að þjálfar alla færniþættina fjóra; hlustun, tal, ritun og lestur. Unnið verður með menningu Danmerkur bæði fyrr og nú. Tekið verður mið af aldri, þroska og áhugamálum nemenda og reynt að koma til móts við þarfir þeirra við val á efni.

Hæfniviðmið

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt
- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaförða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum
- skrifað texta með orðaförða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista

Námsmat:

- Verkefnavinna, virkni og mæting.

4. - 7.

9. - 10.

10. Útsaumur (60 mín) - Gulla

Nemendur búa til munstur og sauma íslenska krosssauminn. Fleiri útsaumsaðferðir kynntar og útfærðar á mismunandi vegu.

Hæfniviðmið

- hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni
- beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir

- sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði

Námsmat:

- Mæting og virkni
- Áhugi og frammistaða

11. Borðspil/púsl (60 mín) - Helga Birna/Birgitta

1. - 3.

4. - 7.

9. - 10.

Kynning á ýmsum spilum og leikjum. Í gegnum leik og spil þjálfum við okkur í framkomu, lærum að vinna betur saman og efla samskipti. Markmið er að bæta framkomu, samvinnu og samskipti.

Hæfniviðmið

- hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum
- gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni
- lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna á skapandi hátt

Námsmat:

- Þátttaka og virkni í tímum.

12. Síðari heimsstyrjöldin (60mín) - Birna/Helga Birna

4. - 7.

9. - 10.

Farið dýpra í síðari heimsstyrjöldina. Horft á kvikmyndir og þætti sem tengist stríðinu.

Hæfniviðmið

- Að geta rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu
- greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausn hátt

Námsmat

- Þátttaka og virkni í tímum
- Nemendur eru með dagbók þar sem þeir skrifa hugleiðingar sínar um efnið og umræður í lok tíma

13. Áhugasviðsverkefni (60 mín) - Helga Birna

4. - 7.

Verkefnin eru hugsuð sem einstaklingsverkefni. Nemendur vinna áætlanir o.fl. skólanum en vinnan við verkefni getur farið fram í rauninni hvar sem er (heima, út í bæ eða í skólanum) allt eftir því hvert viðfangsefnið er.

Hæfniviðmið

- spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna
- vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur
- vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur

Námsmat

- Ástundun, virkni og unnin verkefni

4. - 7.

14. Aðstoð á leikskóla (60 mín)

Nemendur kynast þeim störfum sem unnin eru á leikskóla og taka þátt í starfinu undir leiðsögn starfsmanna leikskólans.

Hæfniviðmið

- haft á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju

Námsmat

- Ástundun, virkni og þátttaka

9. - 10.

15. Stop Motion (60 mín) – Helga Birna/Birna

Valgrein fyrir þá sem hafa raunverulega áhuga, eru tilbúnir að leggja á sig vinnu og sýna þrautseigju og þolinmæði við að fullvinna verkefni sín. Viðfangsefni valgreinarinnar er m.a. Hugmyndavinna, handrit, búa til leikmynd, leikmuni, persónur, útfæra lýsingu, Hreyfing-myndataka (animera), klipping og eftirvinnsla

Hæfniviðmið

- sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- nýtt sér mismunandi tækniþúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu

Námsmat:

- Frumkvæði, áhuga og vinnusemi nemenda

16. Forritun (60 mín) - Svenni

Í náminu er lögð áhersla á skipulagningu forrita, skapandi hugsun, sjálfstæð vinnubrögð og að nota fjölbreytt hjálpargögn í vinnu. Áfanginn hentar öllum sem vilja læra meira um forritun og tæknilega hugsun.

9. - 10.

Hæfniviðmið

- nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt
- nýtt sér mismunandi tækniþúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt
- nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar

Námsmat:

- Frumkvæði, áhuga og vinnusemi nemenda

100 mínútna áfangar

17. Pinterest föndur (100 mín) – Helga Birna og Gulla

9. - 10.

Nemendur fá að velja sér hugmyndir af föndri til þess að prófa inn á Pinterest í samvinnu við kennara.

Hæfniviðmið

Markmið:

- Nemendur þjálfra skapandi og tæknilega færni.
- Nemendur átti sig á mikilvægi skapandi hugsunar, framsetningu og möguleikum listaverka.
- Auki þekkingu sína, leikni, færni og sjálfstæði.

Námsmat:

- Skil á vinnumöppu í lok annar
- Mæting og þátttaka í tímum

18. Vísindasmiðja (100 mín) - Svenni

9. - 10.

Fjallað verður um efni og lögmál vísinda. Gerðar verða tilraunir þar sem efni eru sett saman sem fjallað hefur verið um og skrifað um niðurstöður tilraunarinnar. Nemendur læra einnig að setja fram rannsóknarspurningu og vinna að því að finna upplýsingar til þess að svara spurningunni.

Hæfniviðmið

Markmið:

- Kenna grunnhugmyndir vísinda og aðferðafræði

Námsmat:

- Skilningur á aðferðafræði og verkefna úrlausn
- Mæting og þátttaka í tímum

19. Útivist og leikir (100 mín) – Birgitta

9. - 10.

Nemendur fá innsýn inn í heim útivistar og kynnast ýmsum aðferðum hvernig hægt er að nýta náttúru og nærumhverfi til heilsubótar. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg. Mikilvægt er að nemendur komi klæddir eftir veðri í alla tíma, í skóbúnaði við hæfi og með útbúnað við hæfi.

Hæfniviðmið

- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun
- tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna

Námsmat:

- Frumkvæði, áhuga og vinnusemi nemenda

9. - 10.

20. Tímavélin (100 mín) – Birna

Aðalmarkmið námskeiðsins er að leika sér með söguna, kafa dýpra í það sem gerðist ásamt því að velta fyrir sér hvernig hún hefði getað orðið. Fjölmörg og ólík atriði verða skoðuð en einnig er rými fyrir áhugasvið nemenda til að skína í gegn. Kennslustundir verða fjölbreyttar og miða að því að tímarnir séu lifandi og skemmtilegir og að nemendur séu ávallt virkir.

Hæfniviðmið

- að nemandi kynnist ólíkum atburðum og persónum í sögunni
- að nemandi geti horft gagnrýnt á söguna
- að nemandi taki þátt og þjálfist í umræðum og samræðu,

Námsmat

- Virkni og þátttaka í kennslustundum
- Kynning á vorönn þar sem nemendur velja sér merka manneskju
- Stórt skapandi verkefni þar sem nemendur útbúa tímalínu í byrjun vorannar

9. - 10.

21. HHF samæfingar (120 mín)

Nemandi sem stundar samæfingar á vegum HHF getur fengið ástundun metna sem valgrein

22. Fimleikar (120 mín)

9. - 10.

Nemandi sem stundar fimleika á vegum Fimleikafélags Vestfjarða getur fengið ástundun metna sem valgrein

Umsókn um valgreinar - Vorönn 2021

Yngsta stig velur 100 mínútur = 1x 40 mín og 1 x 60 mín

Miðstig velur 160 mínútur = 1x 40 mín og 2x 60 mín

Unglingastig velur 320 mínútur

1. - 3. bekkur		4. - 7. bekkur		9. - 10. bekkur	
40 mín		40 mín		40 mín	
	Dans - M		Tónlist/leiklist - BF		Tónlist/leiklist - BF
	Jóga - L		Förðun/snyrting - S		Förðun/snyrting - S
	Föndur - G		Föndur - G		Námsaðstoð á yngsta stigi
	Yndislestur - B		Yndislestur - B		Dans - M
60 mín		Dans - M		Jóga - L	
	Pinterest - HB/G		Jóga - L		Skólavinur
	Borðspil/púsl HB/B	60 mín		60 mín	
			Pinterest - HB/G		Pinterest - HB/G
			Danska - B		Danska - B
			Útsaumur - G		Útsaumur - G
			Borðspil/púsl - HB/B		Borðspil/púsl - HB/B
			Síðari heimsstyrjöldin - BF/HB		Síðari heimsstyrjöldin - BF/HB
			Áhugasviðsverkefni - HB		Stop motion - HB/BF
			Aðstoð á leikskóla		Forritun - SV
				100/120mín	
					Pinterest - HB/G
					Vísindi - SV
					Útivist og leikir - B
					Tímavélin - BF
					HFF - samæfingar (120)
					Fimleikar (120)

- Í hverju mínútuholfi (40, 60, 100) merkið þið 1 við það sem þið hafið mestan áhuga á og svo koll af kolli.